




## SKÁLPANES Í BLÁSKÓGABYGGÐ

Deiliskipulag fjallasels

23.04.2019



## SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

<b>SKJALALYKILL</b>	<b>TITILL SKÝRSLU</b>
3502-015-GRG-001-V01	Skálpanes í Bláskógabyggð
<b>SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI</b>	<b>VERKHEITI</b>
01/13	Deiliskipulag fjallasels
<b>VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA</b>	<b>VERKKAUPI</b>
Ásta Stefánsdóttir	Bláskógabyggð
<b>VERKEFNISSTJÓRI EFLA</b>	<b>HÖFUNDUR</b>
Gísli Gíslason	Ingibjörg Sveinsdóttir

## ÚTGÁFUSAGA

<b>NR.</b>	<b>HÖFUNDUR</b>	<b>DAGS.</b>	<b>RÝNT</b>	<b>DAGS.</b>	<b>SAMÞYKKT</b>	<b>DAGS.</b>
01	Ingibjörg Sveinsdóttir	25.03.19	Anna Bragadóttir	23.04.19	Ingibjörg Sveinsdóttir	26.04.19

## Samþykktir

Deiliskipulag þetta, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar \_\_\_\_\_

f.h. Bláskógabyggðar

---

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan var kynnt frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b>	<b>5</b>
<b>1.1</b>	<b>Markmið</b>	<b>5</b>
<b>1.2</b>	<b>Skipulagsgögn</b>	<b>5</b>
<b>2</b>	<b>FORSENDUR</b>	<b>6</b>
<b>2.1</b>	<b>Lýsing svæðis</b>	<b>6</b>
<b>2.2</b>	<b>Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna</b>	<b>6</b>
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.2.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	7
2.2.3	Deiliskipulag	8
2.2.4	Þjóðlenda	9
2.2.5	Fornminjar	9
2.2.6	Ferðamenn/ferðaþjónusta	9
2.2.7	Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.	10
<b>3</b>	<b>DEILISKIPULAG</b>	<b>10</b>
<b>3.1</b>	<b>Lóðir og skilmálar</b>	<b>10</b>
<b>3.2</b>	<b>Samgöngur</b>	<b>10</b>
<b>3.3</b>	<b>Veitur</b>	<b>11</b>
3.3.1	Vatnsból	11
3.3.2	Fráveita	11
<b>3.4</b>	<b>Regnvatn</b>	<b>11</b>
<b>3.5</b>	<b>Sorp</b>	<b>11</b>
<b>3.6</b>	<b>Frágangur lóðar og umgengni</b>	<b>11</b>
<b>3.7</b>	<b>Kvaðir</b>	<b>11</b>
<b>4</b>	<b>UMHVERFISÁHRIF</b>	<b>11</b>
4.1.1	Matsspurningar og viðmið	12
<b>4.2</b>	<b>Valkostir</b>	<b>13</b>
4.2.1	Niðurstaða	13

## 1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að gerð deiliskipulags fyrir Skálpanes á Kili. Deiliskipulagið snýst um að afmarka lóð fyrir núverandi mannvirki. Ekki verður gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Skipulagssvæðið er um 1 ha að stærð.

Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggjar 2015-2027 en þar er svæðið skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

### 1.1 Markmið

Deiliskipulaginu er ætlað að setja ramma utan um starfsemi á svæðinu og viðhald hennar til framtíðar og að framkvæmdir séu í samræmi við samþykkt skipulag.

Markmið með gerð deiliskipulags eru eftirfarandi:

- Skilgreina lóð fyrir núverandi mannvirki.
- Setja skilmála fyrir viðhald og útlit mannvirkja.
- Útbúa lóðablöð fyrir allar lóðir.

Áhersla er á að mannvirki falli vel að landslagi og ásýnd svæða á hverjum stað.

### 1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsuppdrættir eru unnir á grunni loftmyndar frá Loftmyndum ehf, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Deiliskipulagsuppdráttur í mkv. 1:2.000 ásamt skýringaruppdrætti í mkv. 1:4.000 og hluta úr Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 í mkv. 1:100.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfisskýrslu.

## 2 FORSENDUR

### 2.1 Lýsing svæðis

Skálpanes er við Langjökul, nokkuð vestan Geldingafells. Staðurinn nýtir sömu aðkomu og Geldingafell. Á staðnum eru tvö hús, um 150 m<sup>2</sup> hús sem nýtt er sem aðstaða fyrir ferðamenn sem fara í ferðir á Langjökul, einnig er þarna um 20 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsfólk. Ferðaþjónusta er rekin á staðnum allt árið. Svæðið er lítt gróið og vistgerðir á svæðinu eru melar- og sandlendi, skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Skálpanes er í um 800 m.h.y.s.



**MYND 1.** Fjallaskálinn í Skálpanesi, horft til norðausturs. (Mynd: Haukur Herbertsson).

Rotþró er á staðnum og vatn er flutt þangað í stórum tönkum og neysluvatn á flöskum. Samkvæmt upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum í Skálpanesi er fjöldi ferðamanna þar um 80 þúsund manns á ári.

Í 3 gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram að standa skuli vörð um óbyggð víðerni landsins. Fjallasel eru ekki talin skerða víðerni.

### 2.2 Tengsl við aðrar áætlanir og fyrirbyggjandi stefna

#### 2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Skipulag miðhálandis Íslands

*„Sveitarfélög á miðhálandinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um*



*hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálandisins. Uppbygging ferðamannastöðu verði takmörkuð á miðhálandinu og megináhersla lögð á uppbyggingu á jaðarsvæðum hálandisins og á nokkrum afmörkuðum svæðum við aðalvegi hálandisins. Gengið verði út frá eftirfarandi flokkun og staðsetningu þjónustustaða:*

- *Jaðarmiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir inn á hálandið og í jaðri þess.*
- *Hálandismiðstöðvar séu á tilteknum stöðum við meginleiðir um hálandið.*
- *Skálasvæði séu á tilteknum stöðum í góðu vegasambandi.*
- *Fjallasel séu í takmörkuðu vegasambandi og taki mið af hæfilegum dagleiðum göngufólks.*

*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði jafnframt leitað jafnvægis varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum með mismunandi ferðamátum þannig að ferðafólki á vélknúnum farartækjum sé tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt verði tryggð kyrrlát svæði án umferðar vélknúinna farartækja. Ferðamannaleiðir (gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir) verði eftir því sem kostur er aðskildar frá meginvegakerfi miðhálandisins“.*

### 2.2.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er Skálpanes á afþreyingar- og ferðamannasvæði á hálandinu.

#### Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- *„Nýting núverandi fjallaskála verði efla.“*
- *Við skipulag ferðamannastaða verði hugað sérstaklega að öryggi ferðamanna ásamt greiðum samgöngum og upplýsingum.*
- *Við uppbyggingu ferðamannasvæða verði samræmi í útliti bygginga og lögð áhersla á að mannvirki falli sem best að landslagi. Nota skal byggingarefni sem þarfnast lítills viðhalds.*
- *Búið verði í haginn fyrir ferðamenn með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingum, merkingum og eftir atvikum snyrtingum og öðrum þjónustubyggingum.*
- *Gert verður ráð fyrir að bæta aðstöðu í gistiskálum og á tjaldsvæðum, m.a. til að bæta öryggi og mæta auknum kröfum ferðamanna.*
- *Afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála á hálandinu.*

*Gert er ráð fyrir svigrúmi á öllum afþreyingar- og ferðamannasvæðum til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný í stað þeirra sem nú eru. Við endurgerð bygginga á hálandinu eða nýbyggingar verður metið hvort halda skuli í núverandi ásýnd og yfirbragð svæðis eða hvort horft verði til breyttrar*

ásýndar, m.a. til að aðlaga mannvirki betur að umhverfi. Á hálendinu skal gera ráð fyrir upplýsinga- og snyrtiaðstöðu og að allt að 50 manns geti gisti í húsi á hverjum stað, nema annað sé tekið fram.

Á hálendinu er almennt gert ráð fyrir að svæði fyrir fjallasel séu á bilinu 0,5-3 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hesthús verði færð fjær gistiskálum (t.d. 500 m) til að skapa meira svigrúm, þetta hefur þó engin áhrif á byggingarmagn á hverjum stað“.

**TAFLA 1.** Umjöllun úr aðalskipulagi um þjónustu og hugsanlega uppbyggingu í Skálpanesi.

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
AF19	Skálpanes	<b>Fjallasel.</b> Var áður skálasvæði en er fært niður um flokk. Aðstaða fyrir ferðamenn við Langjökul, s.s. jeppa- og vélsleðaferðir ásamt veitingasölu. Engin gisting er á staðnum. Einungis er gert ráð fyrir viðhaldi mannvirkja en ekki frekari uppbyggingu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Afréttur

## Hálendið

Eftirfarandi stefna er í gildandi aðalskipulagi:

- „Leitast verður við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálendisins.
- Stefnt er að sjálfbærri nýtingu hálendisins til útivistar og ferðaþjónustu.
- Byggingar skulu vera lágrestar, falla vel að landi og halda skal innbyrðis samræmi húsa þar sem það á við.
- Við endurbyggingar/nýbyggingar verður tekin afstaða til þess hvort halda skuli í ásýnd eldri byggðar eða móta nýja ásýnd sem fellur betur að umhverfi.
- Bæta þarf öryggi á hálendissvæðum m.a. með mögulegu aðgengi að húsum og mannvirkjum utan hefðbundins rekstrartíma til að leita þar skjóls“.

## Verndarsvæði og minjar

Eftirfarandi markmið eru í aðalskipulagi fyrir verndarsvæði og minjar:

- „Stuðla skal að verndun lítt raskaðra landsvæða og óbyggðra víðerna.
- Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum.
- Mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar og kostur er, sérstaklega á hálendinu“.

### 2.2.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir Skálpanes.



### 2.2.4 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis í Bláskógabyggð er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs. Ef um er að ræða nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu þarf leyfi forsætisráðherra nema mælt sé fyrir um annað í lögum.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendulög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfenað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

### 2.2.5 Fornminjar

Aðalskráning fornminja hefur ekki farið fram í Bláskógabyggð. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins.

### 2.2.6 Ferðamenn/ferðaþjónusta

Ferðamálastofa hefur kortlagt „Auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu“. Í verkefninu voru, með aðstoð heimafólks, kortlagðir staðir þar sem upplifa má staðbundna og einstaka eiginleika í náttúrufari eða menningu. Skráningin gefur vísbendingar um sérkenni svæða sem hugsanlega má nýta<sup>1</sup>. Þeir staðir sem eru í nágrenni skálanna eru eftirtaldir: Botnssúlur, Jarlhettur, Langjökull, Hvítárvatn og Kerlingarfjöll.

Vegagerðin tekur árlega saman umferðartölur yfir helstu vegi á landinu. Í töflu 2 má sjá hvernig meðal-umferð hefur aukist á Kjalvegi og Skálpanesvegi yfir sumartímann (SDU).

**TAFLA 2.** Meðalumferð á Kjalvegi og Skálpanesvegi á dag yfir sumartímann (SDU). Heimild: Vegagerðin.

ÁR	KJALVEGUR MILLI HAGAVATNS-VEGAR OG HVÍTÁRNESLEIÐAR (SDU)	KJALVEGUR FRÁ HVÍTÁRNESLEIÐ AÐ KERLINGARFJALLAVEGI (SDU)	SKÁL PANESVEGUR (SDU)
2017	176	96	23
2016	181	90	23
2015	164	82	17

<sup>1</sup> (Ferðamálastofa 2015).

ÁR	KJALVEGUR MILLI HAGAVATNS-VEGAR OG HVÍTÁRNESLEIÐAR (SDU)	KJALVEGUR FRÁ HVÍTÁRNESLEIÐ AÐ KERLINGARFJALLAVEGI (SDU)	SKÁLPANESVEGUR (SDU)
2014	159	80	16
2013	159	80	16
2012	101	82	16
2011	129	105	21
2010	102	83	17
2005	98	98	5
2000	89	89	5

### 2.2.7 Velferð til framtíðar - Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.

- Kafli 2, Hreint og heilnæmt ferskvatn. Allir íbúar landsins eigi kost á nægu heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Mengun í ám og vötnum verði svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi.
- Kafli 5, Útivist í sátt við náttúruna. Tekið verði tillit til útivistargildis svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu.
- Kafli 7, Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.
- Kafli 8, Vernd sérstæðra jarðmyndana. Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á svæðis-, lands- eða heimsvísu.
- Kafli 9. Vernd víðerna. Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands.
- Kafli 13. Minnkun og bætt meðhöndlun úrgangs. Dregið verði úr myndun úrgangs og stuðlað að endurvinnslu.
- Kafli 17. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Öll nýting náttúrunnar fari fram á sjálfbæran hátt. Við framkvæmdir verði neikvæðum áhrifum á vistkerfi haldið í lágmarki.

## 3 DEILISKIPULAG

Í deiliskipulaginu er gerð grein fyrir núverandi mannvirkjum og afmörkuð lóð umhverfis þau.

### 3.1 Lóðir og skilmálar

Afmörkuð er ein lóð, Skálpanes og er hún 4.893,9 m<sup>2</sup>. Innan lóðarinnar eru tvö hús. Um 150 m<sup>2</sup> hús sem nýtt er sem veitingaaðstaða og aðstaða fyrir ferðamenn sem fara í ferðir á Langjökul. Einnig um 20 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsfólk, salerni og rafstöð.

Heimilt er að viðhalda núverandi mannvirkjum. Mikilvægt er að litaval mannvirkja sé samræmt og að þau falli sem best að landi umhverfis.

### 3.2 Samgöngur

Aðkoma að Skálpanesi er af Kjalvegi nr. 35 og um Skálpanesveg nr. 336. Bílastæði eru við skálann og sýnd á uppdrætti til viðmiðunar.

Á aðalskipulagi Bláskógabyggðar er sýnd gönguleið með Skálpanesvegi og suður með Jarlhettum. Leiðin er sýnd á deiliskipulagsupprætti.

### 3.3 Veitur

#### 3.3.1 Vatnsból

Gert er ráð fyrir að borað verði eftir vatni í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Frágangur vatnsból skal vera í samræmi við reglugerð nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns.

#### 3.3.2 Fráveita

Núverandi rotþró er sýnd á upprætti. Rotþró skal samnýtt fyrir öll mannvirki eftir því sem við verður komið. Frágangur og gerð rotþróa og frárennislagna skal vera í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

### 3.4 Regnvatn

Bent er á þann kost að veita vatni af húspökum beint niður í jarðveginn. Koma má fyrir malarpúðum undir yfirborði, sem getur tekið við yfirborðsvatni í rigningum og leysingum þannig að yfirborðsvatn seytili smám saman út í jarðveginn og niður í grunnvatnið. Notast má við hefðbundnar þakvatnslagnir við að beina vatninu að malarpúðanum.

### 3.5 Sorp

Á staðnum skal vera aðstaða til flokkunar og geymslu sorps. Sorpi skal ekið til byggða til endurvinnslu. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélagsins hverju sinni.

### 3.6 Frágangur lóðar og umgengni

Þess skal gætt að spilla ekki eða raska landi að óþörfu. Umgengni skal vera til fyrirmyndar og skal halda svæðinu sem snyrtilegustu. Vélum og tækjum skal komið þannig fyrir að þríði sé að.

### 3.7 Kvaðir

Kvöð er á staðnum að þar sé salernisþjónusta fyrir þá ferðamenn sem leggja leið sína á Langjökul.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Við gerð deiliskipulags skal, skv. gr. 5.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfur svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásynd, útsýni, hljóðvist, loftgæði o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Þegar breytingar verða á umhverfinu af mannavöldum er talað um umhverfisáhrif. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og aðstoða með því við val á heppilegasta kostinum. Deiliskipulagstillagan gerir ekki ráð fyrir neinum framkvæmdum á svæðinu. Engu að síður verður gerð grein fyrir áhrifum af núverandi starfsemi.

Við mat á umhverfisáhrifum er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi. Þar eru umhverfisáhrif skilgreind sem: „*Samheiti fyrir samfélag, heilbrigði manna, dýr, plöntur, líffræðilega fjölbreytni, jarðveg, jarðmyndanir, vatn, loft, veðurfar, eignir, menningararfleifð, þ.m.t. byggingarsögulegar og fornleifafræðilegar minjar, og landslag og samspil þessara þátta*“<sup>2</sup>.

**TAFLA 3.** Skilgreining á vægi umhverfisáhrifa.

SKILGREININGAR FYRIR ÁHRIF Á UMHVERFISÞÆTTI	
Stefnan hefur jákvæð áhrif.	+
Stefnan hefur óveruleg áhrif.	<>
Stefnan hefur neikvæð áhrif.	-
Stefnan hefur óviss áhrif.	?
Stefnan hefur engin áhrif.	0

#### 4.1.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsins og líkleg áhrif hennar verða metin út frá þáttum í eftirfarandi töflu:

**TAFLA 4.** Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur skipulagið áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur skipulagið áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61 og 62. gr. Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar.
Ásynd og landslag	Hefur skipulagið áhrif á ásynd svæða? Hefur skipulagið áhrif á landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Samfélag	Hefur skipulagið áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu? Hefur skipulagið áhrif á notkun svæða til útivistar?	Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefna um landnotkun í aðalskipulagi. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar / Verndarsvæði	Hefur skipulagið áhrif á fornminjar? Hefur skipulagið áhrif á náttúru-minjar eða verndarsvæði?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Landskipulagsstefna 2015-2026.
Náttúruvá og öryggi	Er hættu á náttúruvá á svæðinu? Er hættu á mengun af völdum stefnunnar?	Landskipulagsstefna 2015-2026.

<sup>2</sup> (Skipulagsstofnun 2007).

## 4.2 Valkostir

Í umhverfismati áætlana ber að fjalla um svokallaðan núll-kost og bera stefnu skipulagsins saman við hann, eftir því sem við á. Núll kostur „felur í sér lýsingu á ástandi umhverfisins, eins og búast má við að það þróist ef ekki kemur til framfylgdar áætlunarinnar. Í einhverjum tilfellum getur samanburður við núll-kostinn falist í samanburði við framfylgd gildandi áætlunar<sup>3</sup>“.

Ekki er gert ráð fyrir framkvæmdum á svæðinu. Eingöngu er gert ráð fyrir núverandi starfsemi en ekki nýjum framkvæmdum. Því á ekki við að bera saman valkosti og er eingöngu gerð grein fyrir áhrifum af núverandi starfsemi.

### Áhrif af núverandi starfsemi

Afmörkuð er ein lóð, innan hennar er um 150 m<sup>2</sup> hús sem nýtt er sem aðstaða fyrir ferðamenn sem fara í ferðir á Langjökul, einnig um 20 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsfólk, salerni og rafstöð.

Engar þekktar jarðmyndanir, sem njóta verndar, eru innan skipulagssvæðisins. Svæðið er nánast ógróið og því hefur starfsemin óveruleg áhrif á gróður og dýralíf. Mannvirki eru alla jafnan sýnileg en jarðlitir á veggjum og staðsetning vestan í hæð draga úr sýnileika þeirra. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg/neikvæð. Starfsemin hefur jákvæð áhrif á atvinnu því staðurinn er nýttur fyrir þá ferðamenn sem fara í ferðir á Langjökul. Einnig getur staðurinn nýst í tengslum við gönguleiðir. Svæðið nýtur ekki verndar og engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins. Vatn er flutt á staðinn í dag en gert er ráð fyrir að borað verði eftir vatni í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Sé frágangur vatnsból og fráveitu fullnægjandi á ekki að vera hætt á mengun vegna starfseminnar.

	JARÐMYNDANIR	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	ÁSÝND OG LANDSLAG	SAMFÉLAG	MINJAR, VERNDARSVÆÐI	NÁTTÚRUVÁ OG ÖRYGGI
Núverandi starfsemi	0	<>	<>	-	+	0

### 4.2.1 Niðurstaða

Eitt af markmiðum í aðalskipulagi er að nýting núverandi fjallaskála verði efld. Einnig að afmarkaðar verði lóðir fyrir alla skála. Stefna deiliskipulagsins fellur vel að þessum markmiðum. Í landsskipulagsstefnu kemur fram að mannvirkjagerð á hálendinu skuli vera takmörkuð. Ekki er gert ráð fyrir nýjum mannvirkjum.

Sveitarfélagið metur það svo að með ferðapjónustu á hálendinu sé verið að beina ferðamönnum á ákveðin svæði þar sem þjónusta er að fá og jafnvel upplýsingagjöf. Með því sé stuðlað að betri umgengni um hálendið og vernd viðkvæmari svæða.

Hægt er að draga úr áhrifum á landslag og ásýnd með því að útlit mannvirkja sé samræmt og litaval sé þannig að þau falli vel að landinu umhverfis.

<sup>3</sup> (Skipulagsstofnun 2007).